

## REGLUR

### um starfsemi Íslenska dansflokksins.

#### 1. gr.

Íslenski dansflokkurinn er sjálfstæður listdansflokkur. Markmið hans er að sýna listdans, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar og framþróunar danslistar á Íslandi.

Málefni Íslenska dansflokksins heyra undir menntamálaráðuneytið.

#### 2. gr.

Íslenska dansflokknum stjórnar listdansstjóri í samvinnu við stjórn dansflokksins, eftir því sem nánar segir í reglum þessum.

#### 3. gr.

Listdansstjóri er forstöðumaður dansflokksins og er skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Sá sem skipaður er listdansstjóri skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði listdans. Ætíð skal auglýsa embættið laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Listdansstjóri veitir dansflokknum listræna forystu og mótar listræna stefnu hans, í samráði við stjórn. Listdansstjóri á að stuðla að uppbyggingu dansflokksins með því að hafa stöðugt í huga ræktun og aðhlyningu listrænna hæfileika þeirra sem þar starfa, bæði sem dansarar og danshöfundar.

Listdansstjóri annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri dansflokksins og reikningsskilum. Hann stýrir dansflokknum, gerir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert rekstrarár og ber ábyrgð á rekstri dansflokksins, bæði listrænum og fjárhagslegum. Listdansstjóri skal afhenda árlega starfs- og fjárhagsáætlun til umsagnar stjórnar dansflokksins, áður en hún er endanlega staðfest. Listdansstjóri ræður starfsfólk og fer að öðru leyti með stjórn starfsmannamála dansflokksins. Þá hefur listdansstjóri yfirumsjón með markaðssetningu, almannatengslum og kynningu á dansflokknum.

Skal nánar kveðið á um starfssvið listdansstjóra í erindisbréfi.

#### 4. gr.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna stjórn Íslenska dansflokksins til fjögurra ára í senn. Félag listdansara á Íslandi tilnefnir einn mann í stjórn, sem skal þó ekki vera starfandi dansari hjá Íslenska dansflokknum, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður.

Stjórn Íslenska dansflokksins fjallar almennt um starfsemi dansflokksins og skulu allar meiriháttar ákvarðanir í þeim efnunum bornar undir stjórnina til umsagnar. Árleg starfs- og fjárhagsáætlun sem listdansstjóri vinnur og leggur fram, skal borin undir stjórnina til umsagnar.

#### 5. gr.

Listdansari, sem hefur verið fastráðinn dansari í a.m.k. 8 ár frá 1. mars 2001 og láta þarf af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að hann uppfyllir ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar á rétt á styrk með tvennum hætti. Listdansari skal þremur mánuðum fyrir starfslok velja hvora leiðina hann kys.

*Leið a.*

Listdansari skal við starfslok eiga rétt á eingreiðslu sem hér segir:

1. 1,2 milljónir króna eftir átta ár.
2. 1,6 milljónir króna eftir tólf ár.

*Leið b.*

Listdansari skal við starfslok eiga rétt á námsstyrk 75% af launum sem hér segir:

1. Í tvö ár eftir átta ára starf.
2. Í þrjú ár eftir tólf ára starf.

6. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af 1. mgr. 14. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 og skv. heimild í 19. gr. sömu laga og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 878/1999.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Ráðningartímabili núverandi listdansstjóra lýkur 31. júlí 2002 og mun menntamálaráðherra skipa hann listdansstjóra skv. 3. gr. tímabundið til þess tíma, í kjölfar gildistöku reglna þessara. Frá 1. ágúst 2002 mun menntamálaráðherra skipa að nýju í embætti listdansstjóra skv. 3. gr.

Núverandi stjórn Íslenska dansflokksins mun sitja út skipunartíma sinn eða til 26. október 2004.

*Menntamálaráðuneytinu, 14. janúar 2002.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Örlygur Geirsson.*